

# *Styrktarsjóður Óðins Árnasonar*

Sjóðurinn er stofnaður til minningar um Óðinn Árnason og hans framlag til skíðaþróttarinnar á Akureyri. Óðinn lést 3. nóvember 2014.

Tildrög sjóðsins voru að aðilar sem vildu minnast Óðins gáfu peninga með ósk um að Skíðafélag Akureyrar (SKA) myndi stofna styrktarsjóð í hans nafni.

## **SKIPULAGSSKRÁ**

### **1. grein**

Sjóðurinn er stofnaður af Skíðafélagi Akureyrar með gjafafé frá velunnurum skíðaþróttarinnar.

### **2. grein**

Sjóðurinn heitir Styrktarsjóður Óðins Árnasonar.

### **3. grein**

Sjóðurinn er eign Skíðafélags Akureyrar. Eftirtaldir þrír aðilar skulu skipa stjórn sjóðsins: Einn aðili tilnefndur af fjölskyldu Óðins og tveir aðilar tilnefndir af SKA. Stjórn sjóðsins skal sjá um að eignir hans séu jafnan varðveittar tryggilega og ávaxtaðar með sem hagkvæmustum hætti.

Stjórn sjóðsins skal halda gerðabók fyrir sjóðinn. Reikningar sjóðsins skulu birtir árlega á aðalfundi SKA, yfirfarnir af endurskoðendum reikninga félagsins.

### **4. grein**

Til eflingar sjóðnum er tekið á mótí áheimum, minningargjöfum, frjálsum samskotum og öðrum gjöfum sem sjóðnum kann að áskotnast.

### **5. grein**

Tilgangur sjóðsins er að styrkja afreksiðkendum SKA. Miðað er við að styrkþegar séu landsliðsfólk og/eða taki þátt í alþjóðlegum verkefnum.

### **6. grein**

Stjórn sjóðsins skal auglýsa eftir umsóknum frá iðkendum a.m.k. einu sinni á ári. Iðkendum SKA geta þó sent inn umsóknir til sjóðsins utan auglýsts umsóknartímabils og getur stjórn sjóðsins ákveðið að taka þær fyrir, telji stjórnin sérstakar ástæður til þess.

Stjórn er hverju sinni heimilt að hafna öllum umsóknum eða velja að styrkja þann fjölda iðkenda sem stjórn telur hæfasta hverju sinni.

### **6. grein**

Ef ákveðið verður að leggja niður starfsemi sjóðsins skulu óráðstafaðar eignir hans renna til sambærilegra verkefna á vegum SKA og skal stjórn SKA taka við stjórn sjóðsins þar til eignum sjóðsins er að fullu ráðstafað.

Samþykkt á stjórnarfundi SKA 7. október 2019